

Nr. 105 / 10 Börkur NK 122***Skipverji slasast á fæti***

Skipaskr.nr. 1293
Smíðaður: Noregi 1968, stál
Stærð: 949 brl. 1467,6 bt.
Mesta lengd: 67,47 m *Skráð lengd:* 61,17 m
Breidd: 10,9 m *Dýpt:* 8,05 m
Vél: Caterpillar 5420 kW, 1999
Fjöldi skipverja: 12



Börkur©Hilmar Snorrason

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 26. nóvember 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 29. júlí 2010 var Borkur NK 122 við bryggju á Neskaupsstað.

Skipverjar voru að vinna við að ná vírnum úr hlera sem hafði verið hífdur upp á bryggju. Þegar kólfurinn var dreginn úr brakketinu og lásinn losnaði hrökk hann ásamt vírnum upp og til hliðar með þeim afleiðingum að vírinn (38 mm) og rörtöng, sem notuð var til að halda við lásinn, slógust í hægri fót eins skipverjans. Farið var með slasaða á sjúkrahús og reyndist hann óbrotinn en illa marinn og bólginn.

Við rannsókn kom fram:

- að tveir skipverjar og bílstjóri kranabifreiðar unnu að verkinu þar serm kranakrókurinn hélt í keðjuvasa sem komið hafði verið á vírinn rétt við hlerann;
- að þeir gerðu sér ekki grein fyrir þeirri spennu sem var á vírnum.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var mikil spenna á vírnum sem skipverjar gerðu sér ekki grein fyrir.